

Rætt við Lúðvíg Hjálmtýsson

Lúðvíg Hjálmtýsson er fæddur í Reykjavík 17. október 1914. Hann var í kvölddeild Verslunarskóla Íslands og við nám í Laugavatnsskóla veturinn 1931-1932. Árin 1933-1945 var Lúðvíg við verslunarstörf í Reykjavík. Hann tók ungur þátt í stjórnmalastarfi Sjálfstæðisflokksins og starfaði á skrifstofu flokksins 1945-1946. Árin 1946-1963 var hann framkvæmdastjóri Sjálfstæðishússins í Reykjavík. Lúðvíg var skipaður formaður Ferðamálaráðs árið 1964. Hann var skipaður ferðamálastjóri árið 1976.

Lúðvíg vann að störfum Sambands veitinga- og gistihúsaeynda og átti sæti í stjórn þess frá 1947-1950. Formaður sambandsins var hann frá 1950-1964. Lúðvíg var forseti Nordisk Hotel- og Restaurantforbund 1951-1952, 1959-1960 og 1965-1966. Hann var í miðstjórn International Hotel Association frá 1950, formaður Þjóðhátíðarnefndar Reykjavíkur 1950, formaður skólanefndar Matsveina- og veitingaþjónskólans 1954-1958 og varaformaður í skipulagsnefnd fólksflutninga 1951-1959 og frá 1962-1964.

Við Lúðvíg hófum rabb okkar um gisti- og veitingamál miðvikudaginn 28. maí 1980. Við urðum sammála um að hann rifjaði fyrst í fáum orðum upp nokkur meginatriði í sögu veitingamála, rabi um þá gisti- og veitingastaði sem voru í Reykjavík á því árabili sem Lúðvíg var að vaxa upp og tækjum svo til við að tala um þátt Lúðvígs í gisti- og veitingamálum allt frá því er hann hóf sjálfur störf að þeim með forstöðu Sjálfstæðishússins, varð forystumaður Sambands veitinga- og gistihúsaeynda og til þess er hann hóf afskipti af gisti- og veitingamálum í Ferðamálaráði og nú í störfum ferðamálastjóra.

Efnislega sagði Lúðvíg þetta:

„Þáttur hinna eiginlegu veitinga- og gistimála – eins og við leggjum nú merkingu í þau orð – er tiltölulega mjög ungur í sögu þjóðarinnar. Eflaust hafa fyrstu ferðamennirnir, sem fóru milli byggðarlaga og landshluta, haft nesti meðferðis og gist þar sem náttból var að finna, en síðar verður það hlutverk þeirra, sem húsrými höfðu og mat aflögu, að skjóta skjólshúsi yfir þá sem fóru milli byggðarlaga í nauðsynlegum erindagerðum eða af öðrum ástæðum. Þar sem ferðamenn voru oft illa nestaðir og lítt búnir til útilegu varð það oft þungbær kvöð þeim, sem bjuggu við alfaraleiðir, að veita beina. En á hinn bóginn varð eflaust

að því ærinn virðingarauki að geta hlynnt að ferðamönnum. Þar sem leitað var skjóls reyndist oft um að tefla líf eða dauða hvort beini væri veittur eða um hann neitað þá urðu þeir húsbændur illa þokkaðir sem úthýstu fólki ef unnt var að greiða götu þess. Af þessum sökum m.a. var gestrisni jafnan talin til lofs en hitt þótti löstur að veita hana ekki ef þess var nokkur kostur.

Sennilega má rekja sögu framreiðslufólks allt til þeirra sem taldir voru öðrum færari til forystu í fjölmönnum veislum. Mig minnir að Jónas frá Hrafnagili segi frá því að frammiöldumenn þessir væru nefndir primarius og einn þeirra, Jón að nafni sem uppi var á Norðurlandi, var kallaður „Jón primmi“ en primmi var stytting eða afbökun orðsins primarius. Um þessa frammiöldumenn og veislur til forna má fá fróðleik í Síðabók Eggerts Ólafssonar. Segir frá ýmsu forvitnilegu er varðar veislur á fyrri tímum.

Stétt veitingamanna á trúlega forvera þar sem voru brytar á biskupsstólum og forstöðumenn spítala. Þeirra starf var að bera ábyrgð á öflun matfanga og sölu þeirra til skólasveina, sjúklinga og staðarfólks.

Ekki veit ég hvar eða hvenær greiðasölur koma fyrst til sögu, en sennilegt er að þegar gestanaud var orðin svo mikil við algengustu ferðamannaleiðir að ógerlegt var að halda uppi risnu án þess að selja hana þá hafi smám saman orðið til greiðasölur á sveitabæjum. Þessar veitingasölur hafa eflaust fyrst starfað án sérstakra greiðasöluréttinda en smám saman hefur þessi starfsemi orðið að falla inn í ramma laga. Ég man t.d. ekki betur en Kolviðarhóll hafi fengið veitingaleyfi – þar með talinn rétt til að skenkja brennivín – 22. júlí 1878. Er saga þessara veitingastaða við alfararleiðir áreiðanlega mjög fróðleg og nauðsynlegt að hún tynist ekki.

Þegar byggðin þéttist við sjó rísa upp veitingastaðir sem oftast eru nefnd vertshús og forstöðumenn þeirra vertar. Auk Reykjavíkur má hér minna á Akureyri, Eyrarbakka, Stykkishólm og Eskifjörð svo að nokkrir staðir séu nefndir. Þessi starfsemi var háð leyfisveitingum. Einkennilegt þykir mér það í sambandi við þessar leyfisveitingar að þar var það áskilið að þær væru hvorki veittar hafnsögumönnum né ljósmæðrum. Ég held að aðrar takmarkanir um störf leyfishafa hafi ekki verið settar.

Okkur til minnis vil ég geta þess að á sinni tíð – ártalið man ég ekki – var sett upp sérstakt hús fyrir hesta ferðamanna



á Akureyri. Englendingur nokkur mun hafa gefið fé til þess. Hesthúsið var kennt við Karólínu og kallað „Karoline rest“ – hvíldarhús Karólínu. Ætli þetta hafi ekki verið eina gistihúsið í heiminum sem eingöngu var reist fyrir hesta?

Svo að við víkjum nú til Reykjavíkur þá segir Klemens Jónsson landritari frá því í Reykjavíkursögu sinni að 7. september 1785 hafi stiftamtmaður ritað stjórninni og farið þess á leit að fé yrði veitt til byggingar gisti- og veitingahúss í Reykjavík. Var röksemd fyrir beiðninni m.a. sú að nauðsynlegt væri að piltar í Hólavallaskóla, sem þá var í byggingu, gætu fengið keyptan mat á greiðasölustað Þetta er mér vitanlega hið fyrsta sem fram kemur um byggingu sérstaks gisti- og veitingastaðar í Reykjavík.

Af þessum ráðagerðum varð þó ekki en árið eftir, 1786, fær maddama Angel leyfi yfirvaldanna til veitingareksturs í Reykjavík.

Það er sennilegt að við eigum ekki að verja tíma til þess að rekja sögu gisti- og veitingastaða í Reykjavík frá þessu upphafi þeirra eftir miðja 18. öld en hverfa í stað þess til að ræða um þá gisti- og veitingastaði sem eru mér í minni frá því um 1920 og til 1930 er Hótel Borg tók til starfa.

Ég minni þó áður á það, að matsölustaðir eiga sér eflaust langa sögu og fróðlega hér í Reykjavík. Mér er það t.d. í fersku minni að amma mín, María Bernhöft sem var ekkja, rak stóra matsölu hér í bænum, fyrst í Hafnarfirði og síðar í húsinu nr. 8 við Kirkjustræti. Systir hennar rak einnig stóra matsölu og þannig mætti lengi telja.

Af gisti- og veitingastöðum nefni ég fyrst Hótel Skjaldbreið. Þar var bæði veitingarekstur og gisting. Í

kjallara hússins var kökugerð (konditori) sem var eign Vilhelms Bernhöft yngri. Elín Egilsdóttir átti þá Hótel Skjaldbreið. Hún byggði síðar Hótel Þrastarlund við Sog. Það var myndarlegt hús, sem brann á stríðsárunum.

Hótel Hekla, sem áður var verslunar- og íbúðarhús Thomsens kaupmanns var í eigu hjónanna Margrétar og Guðmundar Guðmundssonar. Margrét var einkum talin fyrir hótelinu, en þar var gistihúss- og veitingarekstur. Guðmundur var frá Vegamótum á Seltjarnarnesi. Þau hjón áttu einnig bú uppi í Mosfellssveit. Ekki var Hótel Hekla talin í fremri röð gististaða þótt aðbúð gesta væri þar sémileg og suksamt var víst stundum í veitingasölum.

Þá er að nefna Hótel Vík í húsinu nr. 4 við Vallarstræti þar sem áður var heimili, bakarí og veitingarekstur Björns Símonarsonar og síðar konu hans, Kristínar. Theódór Johnsson, sem var bakari að iðn og lærdur í Kaupmannahöfn, hafði verið bryti á Gullfossi. Hann keypti Hjarðarholt í Dölum og reisti þar hótél sem einkum var ætlað erlendum ferða- og laxveiðimönnum. Er augljóst varð að þessi rekstur gekk verr en Theódór hafði vonað hvarf hann til Reykjavíkur og gerðist þar veitingamaður í Oddfellowhúsinu. Síðar tók hann á leigu húsið nr. 4 við Vallarstræti, e.t.v. um það leyti sem Björn Björnsson fór af landi brott. Theódór flutti eitthvað af húsgögnum frá Hjarðarholti til Reykjavíkur þar sem hann kom þeim fyrir í hinum nýja veitingastað sínum, Hótel Vík.

Þá er það Hótel Ísland. Saga veitingareksturs á lóðinni er nokkuð löng en árið 1882 reisir Johan Halberg skipstjóri, sem þá var kvæntur ekkju Jörgensens greifaþjóns, hluta þess stórhýsis, sem síðar varð, og kemur þar upp gisti- og veitingastað. Árið 1901 var húsið stækkað og endurbætt í það horf sem hélst að mestu óbreytt hið ytra þangað til hótelið brann. Árið 1906 keyptu Góðtemplarar eignina og héldu þar uppi gisti- og veitingarekstri, sem a.m.k. um tíma var stjórnað af Pétri Þ.V. Gunnarssyni, síðar stórkaupmanni. Árið 1919 kaupir danskur maður, Jensen-Bjerg, húsið. Hann setti þar upp Vöruhúsið sem var í vesturhluta hússins en að öðru leyti var þar gisti- og veitingastarfsemin Hótel Ísland.

Að Jensen-Bjerg látnum (1927) kemur Alfreð Rosenberg til sögu. Hann hafði

áður verið bryti á björgunarskipinu Geir. Svo kom hann upp veitingahúsi í kjallara Nýja Bíós, þar sem m.a. var boðið uppá þær nýjungar að spilað var á hljóðfæri fyrir gesti. Þar næst stofnaði hann Café Rosenberg, sem var í húsi Nathans & Olsens þar sem Reykjavíkuraþóteki er nú. Svo keypti hann Hótel Ísland og rak það allt til þess er hótelið brann. Eftir það vann Rosenberg ekki um nokkurt árabíl en tók svo til við að vinna að veitingarekstri Loftleida, fyrst í Oddfellow og síðar á Keflavíkflugvelli.

Eins og ég hef áður minnst á var starfsemi Björns Símonarsonar, síðar ekkju hans Kristínar og síðast sonar þeirra Björns, í húsi nr. 4 við Vallarstræti. Þar var veitingastofa frú Kristínar á annarri hæð, en síðar fékk Hótel Vík bækistöð í húsinu sem fyrr segir.

Hús Hjalpræðishersins var byggt árið 1916. Þar var haldið uppi veitingarekstri og gisting seld.

Hjónin Þuríður Þórarinsdóttir og Guðmundur Jakobsson húsasmíðameistari, foreldrar Þórarins fiðluleikara og Eggerts Gilfer skákmeistara, héldu uppi gistisölu í húsinu nr. 32 við Hverfisgötu. Þar var ódyrt og einkum vinsælt meðal þeirra utanbæjarmanna sem gátu ekki fengið gistingu hjá kunningjum eða venslamönnum í Reykjavík eins og algengt var um þá, sem þurftu að eiga viðdvöl í Reykjavík, og raunar algengast ef þess var nokkur kostur.

Nokkrar veitingastofur voru í Reykjavík á uppvaxtarárum mínum.

Þar nefni ég fyrst veitingasöluna í Iðno. Þar réðu húsum konur tvær, Hólmfríður og fröken Bergmann. Auk almennrar veitingastarfsemi í húsnaðinu í Iðno, sem var þá svipað og það er nú, voru þar einnig haldnar miklar veislur. Ungar stúlkur störfuðu að framreiðslu og matseld og veit ég ekki betur en að þar hafi verið eins konar hússtjórnarskóli fyrir þær. Síðar keypti Hákonsen bakameistari Iðno af Iðnaðarmannafélaginu. Hann rak veitingasölu og leigði húsið Leikfélagi Reykjavíkur. Síðar keypti Alþýðuflokkurinn eða hópur Alþýðuflokksmanna húsið af Hákonsen.

Veitingastofan Uppsalið var í samnefndu húsi sem er við gatnamót Aðalstrætis og Túngötu. Þær Hólmfríður Ólafsdóttir Rosinkranz og Þórunn Finnsdóttir ráku þessa veitingastofu á fyrstu hæð hússins. Uppsalakjallarinn var allt annað fyrirtæki.

Hann kom síðar til. Uppsalið voru mikið sóttir af skáldum og listamönnum, sem sátu þar löngum og skeggræddu yfir veitingum.

Matstofan í Aðalstræti 9 var lítil veitingastofa þar sem „smörrebrauð“, framreitt á danska vísu, var bæði á boðstólum með kaffi eða öðrum drykkjarvörum en auk þess sent til viðskiptavina úti í bæ. Þar var til forstöðu Fjóla Stefánsdóttir sem áður hafði verið matráðskona á Vífilstöðum. Ekki má gleyma þætti Guðrúnar Eiríksdóttur í gamla apótekinu.

Þá ber að nefna Soda-fountain Björns Björnssonar, sem var á neðstu hæð, Pósthússtrætismegin í húsi Nathans & Olsen. Björn rak þarna bar um skeið. Þar var t.d. unnt að fá espresso kaffi, sem var nýlunda hér í bæ. Eftir að Björn hætti starfsemi sinni í húsi Nathans & Olsen stofnaði hann Hressingarskálann og rak hann allt til þess er Björn fór af landi brott, en það mun hafa verið árið 1935.

Að lokum minni ég á að við Traðarkotssund var Veitingastofan Aldan. Eigandi hennar var Guðrún sem jafnan var kölluð „Gunná á Öldunni“. Guðrún var Matthíasdóttir. Hún hafði verið gift Stefáni Hannessyni sjómanni. Guðrún var ein síns liðs er hún hóf veitingarekstur á Öldunni en var síðar í sambýli við Frans Benediktsson og giftust þau er Guðrún var orðin gömul kona. Var mikill aldursmunur með þeim hjónum. Guðrún hafði matsölu og almennan veitingarekstur á Öldunni. Tvær veitingastofur voru í Öldunni og safnaðist stundum þangað marglit hjörð til vindrykkju. En góðvinir Guðrúnar úr hópi heldri manna fengu oft að stampa sig í stofu hennar þar sem ölkærir alþýðumenn fengu ekki að koma. Guðrún var væn kona og hjartahlý. Meðal barna hennar og Stefáns var Sigurður vígslubiskup að Möðruvöllum.

Svo við höldum áfram hinni lauslegu upprifjun á nöfnum þeirra veitingastaða sem ég minnst frá uppvaxtarárum mínum og allt til þess er ég varð sjálfur veitingamaður í Reykjavík þá ber að nefna veitingastaðinn Heitt og kalt, sem var í húsi Sigurþórs Þórðarsonar úrsmíðs á horni Veltusunds og Hafnarstrætis. Guðlaugur Guðmundsson, sem lengi hafði verið bryti hjá Eimskipafélagi Íslands, stofnaði til þessa veitingareksturs, sem hann nefndi „Heitt og kalt“. Þetta var vinsæll matsölu- og veitingastaður. Þar var lengi unnt að fá tvíréttaðan mat fyrir eina krónu. Ég held

að þessi veitingarekstur hafi lengi vel borið sig sæmilega. En síðar komst Guðlaugur í slagtog við Ragnar Þórðarson lögfræðing, sem var sonur Þórðar bróður Sigurþórs. Ragnar var þá búinn að fá veitingastofuna, sem Fjóla Stefánsdóttir hafði rekið í húsi Þórðar, föður Ragnars, við Aðalstræti 9. Ekki veit ég nákvæmlega hvernig skipti urðu með þeim Ragnari og Guðlaugi, en ég veit ekki betur en Guðlaugur hafi hrökklast frá Heitt og kalt og endað veitingastarfsemi sína á því að selja nokkrum mönnum fast fæði í húsi sínu.

Rétt er þess að minnst að af þeim konum sem höfðu atvinnu við gerð veislurétta mun Theódóra Sveinsdóttir hafa verið einna kunnust. Hún var systir Sigmundar Sveinssonar dyravardar í Miðbæjarskólanum sem raunar kom á sinni tíð við veitingarekstur í Valhöll á Þingvöllum. Theódóra var frábær framreiðslukona. Hún hafði fasta matsölu á efstu hæð í Kirkjuhvoli. Þar leigði hún einnig út veislusali og seldi mat út í bæ frá fyrirtæki sínu. Meðal barna hennar eru þeir Björn Steffensen endurskoðandi og Sveinn Ólafsson brunavörður.

Hér ber einnig að nefna Fjallkonu Kristínar Dahlsted. Hún var víða í bænum. Ég man t.d. bæði eftir henni á Skólavörðustíg og Laugavegi auk þess sem síðast var á ferli Kristínar veitingastofa hennar við Hafnarstræti. Saga Kristínar hefur verið rituð og gefin út. Af þessum sökum er ástæðulaust að við verjum löngum tíma til þess að ræða veitingaferil Kristínar, sem var mjög fjölbreytilegur.

Þó að saga Margrétar Zoëga hefjist fyrir mína tíð þá tel ég rétt að minna á hana. Þau Margrét og Einar Zoëga byggðu Hótel Reykjavík sem brann árið 1915. Þau voru foreldrar Valgerðar konu Einars Benediktssonar og Sigríðar fyrri konu Egils Jacobsen.

Ég vil bara rífa það upp að eftir að búið var að heimila sölu á Spánarvíninum, sennilega upp úr 1920, byggði Margrét lítið hús við Austurstræti og hóf þar sölu Spánarvína með skírskotun til þess veitingaleyfis sem hún hafði haft í Hótel Reykjavík. Vegna þessa urðu málaferli sem Margrét tapaði og mun þá hafa lokið veitingaferli hennar. Annars mun hún hafa byrjað veitingarekstur sinn á Vesturgötu 17. Það var bindindishótel sem nefnt var „Temperance“. Guðrún Borgfjörð, systir Klemensar Jónssonar, segir frá þessu í endurminningum sínum sem hafa verið gefnar út. Margrét Zoëga mun hafa verið

einna aðsópsmest og etv. mikilhæfust þeirra kvenna sem fengust við veitingarekstur í Reykjavík á þessari öld.

Þess má geta til gamans að tveir menn, sem seinna urðu báðir kunnir borgarar í Reykjavík, voru um skeið réttindalausir veitingaþjónar hjá Margréti, Hótel Reykjavík. Það voru þeir Guðjón Jónsson, síðar kaupmaður við Hverfisgötu í Reykjavík, faðir Péturs verslunarmanns og áhugamanns um þjóðmál, og Tómas Jónsson síðar mætur kjötkaupmaður í Reykjavík.

Við skulum einnig nefna White Star við Laugaveg 11 sem kom til sögu einhvern tíma eftir 1930. Forsaga þess veitingareksturs er sú að Jóhannes á Hótel Borg réð til sín danskan yfirmatreiðslumann, Olsen að nafni. Olsen þessi var mjög glæsilegur maður. Með honum kom hingað til lands félagi hans og einkavinur, sem ég man ekki nafn á. Það varð brátt hljóðbært í Reykjavík að ástir væru miklar með þeim félögum, Olsen og lagsbróður hans, og olli það nokkurri hneykslan góðborgaranna. Ekki veit ég hvað olli en upp kom missætti milli þeirra Olsens og Jóhannesar Jósefssonar sem leiddi til þess að Olsen fór úr vistinni á Borg. Upp úr því hóf hann veitingarekstur að Laugavegi 11 og kallaði staðinn Litlu-Borg, Jóhannesi til ergelsis. Síðar var nafninu breytt í White Star. Ég held að fljótlega hafi þótt þar fremur suksamt. Þeir Olsen og vinur hans hurfu af landi brott og minnir mig að Kristín Dahlsted tæki við rekstri White Star. Lengri kann ég ekki að rekja sögu White Star, en síðar keyptu Silli og Valdi húsið og settu þar upp kaffistofu.

Litla kaffi á Laugaveg 6 á sögu, sem ég held að bæði hafi verið rakin af Vilhjálmi S. Vilhjálmsyni og Hendrik Ottóssyni í bókum þeirra. Þetta var lítil kaffistofa, sem rekin var af Hannesi, sem kallaður var „Hannes á Litla-Kaffi“. Þessi kaffistofa varð vinsæl meðal vinstri manna, sem munu hafa skipulagt þar byltingarstarfsemi sína og andspyrnu gegn hinu svonefnda auðvaldi höfuðborgarinnar.

Café Höll í Austurstræti var stofnuð af Brynjólfi Brynjólfssyni, syni Jóns leðurkaupmanns. Þar var matsala á götuhæð í húsinu nr. 3 við Austurstræti. Í timburhúsinu við hliðina var einskona veitingabúð. Brynjólfur hafði verið bryti hjá Eimskipafélaginu. Hann rak Café Höll allengi. Þetta var góður og vel virtur veitingastaður. Brynjólfur er enn starfandi hér í bæ, vinnur nú hjá Sigurjóni

Ragnarssyni á Hressingarskálanum.

Þá er að minnst á Oddfellowhúsið. Þegar K.R. keypti Bárúna gerðust þau Margrét Árnadóttir frá Kálfatjörn og Egill Benediktsson frá Þorbergsstöðum í Dölum umsjónarmenn hússins og tóku að reka þar matsölu uppi á lofti. Margrét hafði lært matargerð á yngri árum og var mjög dugmikil veitingakona. Frá Bárúnni fluttu þau hjón yfir til Oddfellow þar sem þau tóku að sér veitingareksturinn fyrir Oddfellowregluna. Þar höfðu þau einnig almennan veitingarekstur, voru með fastagesti í mat og héldu auk þess uppi dansleikjum, höfðu veislur og voru um tíma mjög athafnamikil í veitingalífi höfuðborgarinnar.

Rétt er að minna lauslega á veitingastarfsemi í nágrenni borgarinnar.

Síðustu ábúendurnir í Árbæ héldu þar uppi kaffisölu í stofu sinni þangað til þau hættu búskap. Þá var Baldurshagi þar sem mig minnir að þau Þorfinnur og Steinunn, foreldrar Tryggva Þorfinnssonar veitingamanns, hæfu veitingarekstur. Síðar var Kristín Dahlsted þar með veitingarekstur.

Á Geithálsi var maður, sem Sigvaldi hét, lengst með veitingastarfsemi. Hann var einnig nokkurs konar farandveitingamaður, var víða með veitingatjöld þar sem skemmtisamkomur voru haldnar.

Einnig ber að nefna Lækjarbotna eða Lögberg þar sem Guðmundur hafði gisti- og veitingasölu. Nafnið Lögberg olli á sínum tíma allmiklum úlfabyt þar sem mörgum þótti hið gamla Lögberg óvirt með nafngiftinni. Lögberg var fastur viðkomustaður í ferðum austur yfir fjall. Gisting var bæði faanleg þar og á Kolviðarhóli. Saga Kolviðarhóls hefur verið skráð og gefin út og er af þeim sökum ástæðulaust að ég fjölryði um hana.

Ætli sé nú ekki orðið réttast að við hverfum til þess að ræða um minn eigin veitingarekstur?

Árið 1945 er ég starfsmaður fyrirtækisins Electric. Þá er ég lengi búinn að vera í Heimdalli og öðrum samtökum ungra sjálfstæðismanna. Þar var þá einn helsti fyrirlíði ungra manna, Jóhann Hafstein síðar forsætisráðherra. Það varð að samkomulagi milli mín og Jóhanns að ég segði lausu starfi mínu hjá Electric og gerðist skrifstofumaður hjá Sjálfstæðisflokknum. Hlutverk mitt þar átti að vera það að

veita forystu – eða a.m.k. aðstoð – við fjáröflun til byggingar Sjálfstæðishússins. Þá var flokkurinn fyrir nokkru búinn að kaupa Thorvaldsensstræti 2 þar sem gamli Hússtjórnarskólinn var. Húsið átti þá Hallgrímur Benediktsson, stórkaupmaður. Hann seldi það Sjálfstæðisflokknum.

Eftir að Sjálfstæðisflokkurinn var búinn að kaupa húsið voru uppi miklar ráðagerðir um stórframkvæmdir. Magnús Jónsson prófessor hafði gert teikningar eða lagt frumdrög að miklum framkvæmdum. Ekki urðu þó þær hugmyndir að veruleika þar sem þær strönduðu á útvegum fjár. Þó fékk Jóhann Hafstein Eyjólf Jóhannesson, sem þá var formaður Varðar, í lið með sér. Þeir lögðu grundvöll þeirra hugmynda sem urðu að veruleika í húsinu. Hörður Bjarnason teiknaði húsið og að því búnu var hafist handa um mikla viðbyggingu að baki gamla hússins. Húsið var fyrst notað ófullgert til fundahalda og annarrar félagsstarfsemi en fullgert var það á miðju ári 1947. Ég var ráðinn framkvæmdastjóri hússins og gegndi því starfi samfleytt allt til 1. október 1963.

Aðalinngangur hússins var frá Thorvaldsensstræti. Bakinngangur var frá Vallarstræti. Í anddyri hússins var fatageymsla og snyrtiastæða. Gengið var beint inn í aðalsalinn. Gólf voru upphækkuð beggja vegna við hann. Til hægri var gengið upp tröppur og þaðan inn í lítinn sal sem var í húsinu austanverðu. Gólfrymi á fyrstu hæð var alls rúmlega 500 fermetrar. Við vestanverðan enda aðalsalar var stórt leiksvið. Eldhús var í kjallara og á fyrstu hæð. Alls voru sæti fyrir 600 gesti í aðalsal, upphækkuðu hliðarsölunum og baksal. Undir leiksviði voru búninga- og snyrtiherbergi leikara og starfsfólks leiksýninga.

Á efri hæð hússins, sem mig minnir að væri ekki nema um 170 fermetrar, voru skrifstofur Sjálfstæðisflokksins og skrifstofur hússins. Þessi efri hluti var upphaflega stærð gólfrymisins í því húsi sem flokkurinn keypti af Hallgrími Benediktssyni.

Starfslíð var um 30 manns auk hljómsveitar og lausráðins fólks. Sennilega hafa um 50 manns starfað í húsinu þegar flest var.

Fyrsti starfsmaður minn var Benedikt Antonsson, nú skrifstofustjóri. Hann var fyrstu tvö árin. Þá kom til mín Hafliði Andrésson sem vann eftir það með mér allt til þess er ég lét af störfum árið 1963.

Allan starfstíma minn var Vilhjálmur Schröder yfirþjóni í húsinu. Fyrir utan hann unnu þar lengst við þjónustu þeir Gestur Benediktsson og Janus Halldórsson. Meðal lærlinga við þjónustustörf í Sjálfstæðishúsinu má t.d. nefna Konráð Guðmundsson hóteltjóra á Sögu og aðstoðarhóteltjóra hans Einar Olgeirsson.

Fyrsti yfirmatsveinn Sjálfstæðishússins var Emil Bjarnason. Með honum voru tveir danskir matreiðslumenn. Gerð kaldra rétta t.d. smurðs brauðs stýrði fyrst Kristín Guðmundsdóttir. Síðasti yfirmatreiðslumaðurinn minn var Tryggvi Þorfinnsson, síðar skólastjóri Matsveina- og veitingaþjónaskólans.

Fyrsti hljómsveitarstjóri hússins var Aage Lorange. Með honum voru m.a. Þorvaldur Steingrímsson og Poul Bernburg. Seinna kom Svavar Gestur með hljómsveit sína.

Auk danshljómsveitanna vorum við einnig með hljóðfæraleikara sem léku síðdegis fyrir gesti. Því stjórnáði Carl Billich í mörg ár. Við vönduðum einkum til síðdegistónleika á sunnudögum og gáfum þá út prentaða eða fjölritaða hljótleikaskrá. Þessir síðdegistónleikar okkar náðu miklum vinsældum. Var þá framreitt kaffi og kökur úr eigin kökugerð sem Vilhelm Bernhöft stjórnáði. Nokkru eftir að við opnuðum Sjálfstæðishúsið fékk ég erlenda skemmtikrafta til hússins. Eftir að forstöðumenn leikstarfseminnar voru komnir til starfa í húsinu fengu þeir oft erlenda skemmtikrafta. Af þessu erlenda listafólki eru mér minnst aðastar dönsku söngkonurnar Lulu Ziegler og Maria Maurier. Þær voru báðar frábærar.

Auk almennra dansleikja og margvíslegrar skemmtistarfsemi ber einkum að minnast starfsemi Fjalakattarins og Bláu stjórnunnar í Sjálfstæðishúsinu. Sú starfsemi hófst árið 1947 með því að Fjalakötturinn hóf sýningu á revýu í Sjálfstæðishúsinu. Eigendur Fjalakattarins og síðar Bláu stjórnunnar voru þeir Haraldur Á. Sigurðsson, Tómas Guðmundsson og Alfreð Andrésson. Leikstjóri var jafnan Indriði Waage. Á þessum sýningum komu fram margir kunnustu listamenn landsins. Þessari starfsemi var haldið uppi í mörg ár í Sjálfstæðishúsinu. Sýningar voru oft tvisvar til þrisvar í viku. Fólk sat við veitingar og fylgdist með leiksýningum og samkomum lauk með dansi. Margt gerðist sögulegt á þessum ferli revýu- og leikstarfsemi í Sjálfstæðishúsinu sem gaman væri að rífa

upp síðar.

Margir fastagestir komu í síðdegiskaffi í Sjálfstæðishúsinu, sumir þeirra er drukku morgunkaffi á Borginni. „Þeir ljúga sögum hvor að öðrum á morgnana hjá mér og trúa þeim svo hjá þér í síðdegiskaffinu“ sagði Jóhannes á Borg við mig. Jóhannes hafði lengi horn í síðu Sjálfstæðishússins. Borgin var honum allt það sem koma átti í Reykjavík. Ég minnst þess að einhvern tíma er ég hafði skrifað greinar, þar sem ég vakti athygli á nauðsyn þess að byggja hótél vegna erlendra ferðamanna, að Jóhannes sagði við mig. „Heyrðu Lúlli minn. Veist þú ekki að Borgin er til – eða hvað?“

Margvísleg mannamót voru haldin í Sjálfstæðishúsinu. Árhátíðir margra félagssamtaaka og sumir af þeim dansleikjum bæjarbúa, sem taldir voru í fremstu röð. Af þeim mörgu veislum sem haldnar voru í Sjálfstæðishúsinu má t.d. nefna veislu fyrir Ólaf krónprins Norðmanna 1947, Friðrik Danakonung 1956 og Kekkonen Finnlandsforseta 1957.

Eftir að lokið var sjálfri byggingu hússins þurfti miklu fé að verja til kaupa á vélum og ýmsum búnaði. Þrátt fyrir mikil útgjöld gekk rekstur hússins mjög samilega fyrstu árin en síðar átti það mjög í vök að verjast fjárhagslega. Ég tel að ein af aðalástæðum þess hve reksturinn gekk erfiðlega hafi verið sú að starfsemi Sjálfstæðisflokksins í húsinu var því til mikillar byrði. Hér má t.d. nefna dagleg útgjöld til kaffiveitinga í skrifstofu flokksins sem oftast voru ekki reiknuð m.a. vegna þess að á þær hefði þá fallið 10% veitingaskattur. Þegar kosningar voru háðar var jafnan haldið uppi mikilli risnu af hálfu hússins og árlega var helstu styrktarmönnum flokksins boðið til hófs þar sem af hússins hálfu var allt annað látið ókeypist í té en vínveitingar. Það kom einnig oft fyrir að flokkurinn taldi sig verða að fá aðgang að húsinu, jafnvel stundum þótt búið væri að ráðstafa því til annarra mannfunda eða skemmtana. Félög Sjálfstæðismanna, Heimdallur, Hvöt, Óðinn og Vörður, höfðu oft dansleiki á laugardögum og fengu þá allan aðgangseyri en húsið einungis hagnað af veitingum.

Árið 1962 voru endurbætur gerðar á húsinu. Þá voru gerð reikningsskil fyrir alla útgerð hússins. Þá kom í ljós að rekstrarhalli nam alls einni milljón króna. Jóhann Hafstein, sem alla tíð hafði verið formaður hússtjórnar, bauð mér þá að fá húsið á leigu og var ég nógu vitlaus til að samþykkja það ekki. Ég tók svo við

rekstri hússins eftir breytinguna og var þar við framkvæmdastjórn þangað til 1. október 1963. Þá varð að samkomulagi að Sigmar Pétursson tæki húsið á leigu. Hann breytti nafni veitingastaðarins í Sigtún og rak hann þangað til seint á árinu 1973. Landsíminn var þá búinn að kaupa húsið af Sjálfstæðisflokknum. Þau kaup voru gerð um áramót 1968/69. Eftir að veitingarekstri Sigmars lauk í húsinu var saga almennrar veitingastarfsemi í því öll.

Auk starfa minna að veitingarekstri í Sjálfstæðishúsinu vann ég um langt árabíl að málefnum veitingareksturs í Sambandi veitinga- og gistihúsaeignenda – S.V.G. Ég hef nú fengið til yfirlestrar údrætti þeirra fundargerðabóka S.V.G. sem tiltækar voru í júlímánuði 1980. Við ihugun þess sem mér er minnisstæðast frá starfsemi minni að félagsmálum S.V.G. tel ég rétt að reyna um leið að tína saman önnur brot úr sögu félagsins til þess að hún verði sæmilega samfelld frá öndverðu og a.m.k. allt til þess er ég lét af formennsku í samtökunum. Með því móti vona ég að frásögn mín geti einnig orðið framlag til þeirrar sögu S.V.G. sem eflaust verður einhvern tíma skráð.

Áður en S.V.G. var stofnað höfðu nokkrir veitingamenn bundist samtökum, sem þeir nefndu Veitingamannafélagið. Í þessum samtökum voru Friðsteinn Jónsson, Alfreð Rósenberg, Jóhannes Jósefsson, Theódór Johnson og Guðrún Eiríksdóttir. Vera má að fleiri hafi verið innan vébanda samtakanna þó að mér sé það ekki kunnugt. Ástæðan til þess að samtökin voru stofnuð mun hafa verið sú að framreiðslu- og matargerðarmenn veitingahúsa væru farnir að gera kröfur um samræmingu kaups og kjara. Það leiddi til þess að veitingamenn þurftu að eiga samvinnu um viðbrögð sín. Vitanlega voru einnig önnur vandamál sem veitingamenn vildu reyna að leysa sameiginlega en ef mig minnir rétt voru það samningamál við starfsfólk veitingahúsanna sem ollu því að þessi fámenni hópur veitingamanna í Reykjavík kom saman til viðræðufunda og stofnaði Veitingamannafélagið.

Friðsteinn Jónsson, sem mun hafa verið áhugasamastur þeirra í Veitingamannafélaginu um stofnun samtaka allra veitingamannafélaga á landinu, átti frumkvæði að stofnfundi S.V.G. sem haldinn var 6. september 1945. Til þessa fundar komu 35 veitingamenn, flestir úr Reykjavík en nokkrir utan af landi. Á þessum stofnfundi voru rædd

mál, sem síðar urðu um langt árabíl helstu viðfangsefni samtakanna. Ég sé í fundargerðinni að þar hefur verið rætt um afnám veitingaskatts, en sá skattur – og raunar verðlagsmál almennt- reyndust samtökunum síðar örðugur hjalli. Talað var um nauðsyn þess að stofna hótelskóla og einn fundarmanna lagði til að sambandið gengi í Vinnuveitendasamband Íslands. Menntun starfsfólks gisti- og veitingahúsa hefur lengi verið mikið áhugamál forystumanna S.V.G. og um V.S.Í. hefur jafnan verið mikið rætt þó að af því yrði ekki fyrir en 1980 að S.V.G. gengi í V.S.Í.

Á þessum fyrsta fundi var Friðsteinn Jónsson kjörinn formaður. Aðrir í stjórn voru kjörnir: Pétur Daníelsson, Elísabet Guðmundsdóttir, Egill Benediktsson, Brynjólfur Gíslason, Snorri Arnfinnsson og Ragnar Guðlaugsson. Í varastjórn voru kosnir Theódór Johnson og Guðlaugur Guðmundsson. Framkvæmdastjóri var ráðinn Ragnar Þórðarson.

Hér er sennilega rétt að við látum fylgja skrá yfir formenn og framkvæmdastjóra S.V.G. frá upphafi. Þess ber þó að geta að þar sem enn vantar nokkrar fundargerðarbækur S.V.G. er hugsanlegt að einhverjar villur séu í skránum. En þær eru þó varla stórvægilegar. Ég finn ekki dagsetningar til aðgreiningar á því þegar Konráð Guðmundsson tók við af mér, en það var áreiðanlega einhvern tíma á árinu 1966. Sama máli gegnir um framkvæmdastjórn Kristjáns Friðsteinssonar. Hann tók við þegar Hörður Ólafsson lét af störfum, sennilega árið 1954 og gegndi þeim þangað til þeir Eyjólfur Konráð Jónsson og síðar Jón Magnússon tóku við, en það mun hafa verið árið 1956.

Með þessum fyrirvara eru skrárnar þannig:

Formenn:

1. Friðsteinn Jónsson
6.9.1945 – 29.10.1946
2. Egill Benediktsson
29.10.1946 – 22.4.1947
3. Guðlaugur Guðmundsson
22.4.1947 – 8.4.1948
4. Ragnar Guðlaugsson
8.4.1948 – 21.9.1949
5. Pétur Daníelsson
21.9.1949 – 10.10.1950
6. Lúðvíg Hjálmtýsson
10.10.1950 – 1966
7. Konráð Guðmundsson
1966 – 2.11.1972

8. Sigurjón Ragnarsson
2.11.1972 – 6.10.1975
9. Þorvaldur Guðmundsson
6.10.1975 – 4.10.1977
10. Bjarni Ingvar Árnason
4.10.1977 - ?

Framkvæmdastjórar:

1. Ragnar Þórðarson
6.9.1945 – 28.1.1949
2. Hörður Ólafsson
28.1.1949 – 1954
3. Kristján Friðsteinsson
1954 – 1956
4. Jón Magnússon
(fyrst ásamt Eyjólf K. Jónssyni)
1956 – 1971
5. Hafsteinn Baldvinsson
1971 – 1.7.1976
6. Hólmfríður Árnadóttir
1.7.1976 - ?

Frá öndverðu barðist S.V.G. mjög í bökkum fjárhagslega. Félagsgjöld voru lág og innheimtust oft illa. Þetta leiddi til þess að fyrstu árin vorum við mjög fjárvana, áttum fullt í fangi með að greiða húsaleigu og þóknun til framkvæmdastjóra.

Fátækt sambandsins varð einkum tilfinnanleg eftir að við gengum í norræna veitingamannasambandið. Kostnað við að sækja fundi á Norðurlöndum greiddu þátttakendur héðan úr eigin vösum. En þegar til þess kom að hér á Íslandi átti að halda fund norrænna veitingamanna urðum við vitanlega að halda uppi mikilli risnu. Til þess átti S.V.G. ekkert fé en þess vegna urðu ýmsir úr okkar hópi að leggja fram verulegar fjárhæðir. Auðvitað gat það aldrei orðið nein frambúðarlausn. S.V.G. varð með einhverjum ráðum að eignast annan tekjustofn en lág og misjafnlega skilvíslega greidd félagsgjöld.

Ég komst að því að allt frá tímum Björns í Björnsbakarí hafði Hressingarskálinn, sem var á sínum tíma í eign Björns, fengið 5% afslátt allra þeirra mjólkurafurða, sem keyptar voru af Mjólkursamsölunni til Hressingarskálans. Öll önnur veitingahús urðu að greiða Mjólkursamsölunni útsöluverð.

Nú spurði ég Ragnar Guðlaugsson hvort við mættum hans vegna fara þess á leit að Mjólkursamsalan veitti öllum meðlimum S.V.G. sama afslátt og þann sem Hressingarskálinn fékk. Ragnar heimilaði mér þetta. Var það af hans hálfu hið mesta drengskaparbragð þar sem gera mátti ráð fyrir að þjark um afslátt fyrir alla aðra gæti

leitt til þess að afslátturinn yrði tekinn af Hressingarskálánum auk þess sem það veikti samkeppnisstöðu Ragnars að verða eftirleidis að sæta sömu kjörum og aðrir veitingamenn.

Þetta mál bar fyrst verulega á góma hjá okkur í stjórn S.V.G. fyrri hluta árs 1957. Það hafði raunar verið rætt áður en aldrei markvisst fyrir en komið var fram á árið 1957. Við Eyjólfur Konráð gengum þá á fund forstjóra Mjólkursamsölnnar og fórum fram á að afsláttur yrði veittur öllum meðlinum S.V.G. Við skrifuðum Mjólkursamsölnni bréf í ágústmánuði til staðfestingar samtölum okkar.

Á stjórnarfundi S.V.G. sem haldinn var 2. október 1957 bar ég upp tillögu um að ef 5% afslátturinn fengist skyldi helmingur hans renna óskiptur til S.V.G. en hinn helmingurinn yrði greiddur félagsmönnum eftir að búið væri að draga frá honum félagsgjöldin. Þetta samþykkti stjórnin. Um þetta varð raunar lítils háttar þjark síðar milli okkar og þeirra sem álitu að hlutur S.V.G. væri of stór. En að lokum töldu allir að stefna upphaflegu tillögunnar væri hyggileg og þess vegna hefur hún verið óbreytt allt frá því er hún var mörkuð 2. október og síðar samþykkt á almennum félagsfundi veitingamanna 16. október 1957.

Í októbermánuði 1957 fengum við jákvætt svar forstjóra Mjólkursamsölnnar. Með því var lagður traustur fjárhagsgrundvöllur að starfsemi S.V.G. Þetta varð samtökunum einnig til aukningar á fjölda félagsmanna þar sem menn þurftu nú ekki framar að hafa áhyggjur af félagsgjöldum og áttu auk þess von í að fá í sinn vasa einhvern hluta afsláttarins. Í stað þess að vera hálfgerðir bónbjargarmenn eignuðumst við fljótlega svo gilda sjóði að farið var að huga að fjárfestingum.

Árið 1965 keypti S.V.G. hæð í húsinu nr. 3 við Öldugötu. Sú hæð var síðar leigð. Árið 1973 var ákveðið að selja hæðina að Öldugötu 3 og kaupa húseign við Garðastræti 42. Ég held að þau kaup hafi verið mjög hagstæð og veit ekki betur en að nú orðið standi fjárhagur S.V.G. á mjög traustum grunni þess samnings sem gerður var við Mjólkursamsölnna 1957. Þá var brotið blað, farið úr óþægilegri fjárkreppu til góðra bjargálna.

Síðar var reynt að fara í kjölfar samninganna við Mjólkursamsölnnar og fá samninga um afslætti af kjöti og öðrum nauðsynjum til veitingareksturs. En það

lukkaðist ekki og urðu samningarnir við Mjólkursamsölnna af þeim sökum í algerum sérflokki viðskiptamála félagsmanna S.V.G.

Glíma S.V.G. við veitingaskattinn hófst strax á stofnfundi S.V.G. og stóð sú lota hvíldarlaust allt til þess er skatturinn var afnuminn með lögum nr. 100 árið 1954. Hann var settur með lögum árið 1933 og var þess vegna innheimtur í rúma tvo áratugi. Með lögum var gestum gert að greiða 10% af söluverði allra veitinga og bar veitingamönnum að skila skattféna mánaðarlega. Einhvers staðar rakst ég á það að ein röksemd skattlagningarinnar hefði verið sú að þar sem það væri einkum einhleyp fólk sem sækta veitingastaði og vitað að það eyddi fé sínu jafnharðan til þess að veita sér skemmtanir og lífsþægindi, þá væri rétt að leggja á það þennan skatt. Lengi virðist það aldrei hafa hvarflað að forráðamönnum þjóðarinnar að gisti- og veitingarekstur væri nauðsynlegur þáttur menningarlífs. Flestir töldu að þar væri um munað að ræða sem skylt og rétt væri að skattleggja. Þess vegna voru kröfur gisti- og veitingahúsaeigenda um að fá að stunda atvinnurekstur með svipuðum hætti og aðrar atvinnugreinar taldar heimtufrekja tóm. Þeir voru – að mati ráðamanna – sannarlega ekki of góðir til þess að innheimta refsiskatta og standa skil á þeim. Ég tel að við höfum oft og tíðum beinlínis þurft að heyja mannréttindabaráttu vegna þess að gisti- og veitingastarfsemi var oft aðþrengd umfram það sem eðlilegt þótti um annan atvinnurekstur í landinu.

Þessi skattheimta var af ýmsum ástæðum óvinsæl m.a. vegna þess að grunur lék á að í okkar hóp væru menn sem gætu með klækjabrögðum stungið einhverju af skattféna í eigin vasa og væri því ekki svo leitt sem þeir létu í kröfugerð um afnám skattheimtunnar. Vel má vera að þetta hafi verið rétt í sumum tilvikum. En ég held að flestir hafi staðið eins vel í skilum og þeim var unnt, enda engin undanbrögð möguleg. Skattheimtumennirnir voru komnir með innsiglið á loft strax og tómahljóð varð í kassanum.

Þó að mér sé málið skylt tel ég rétt að segja frá því að ég held að það hafi reynst talsverður búhnykkur veitingastarfseminni á landinu að Sjálfstæðisflokkurinn varð ábyrgur fyrir rekstri Sjálfstæðishússins. Þess vegna urðu margir af forystumönnum flokksins að skyggjast ofurlítið bakvið forhlið veitingarekstursins. Það leiddi til

þess að úr þeim hópi urðu margir til þess að veita okkur lið í baráttunni fyrir afnámi veitingaskattsins og hjálpuðu raunar einnig í öðrum málum er vörðuðu aðra þætti veitingastarfsemi. En auðvitað leituðum við einnig til annarra stjórnsmálaflokka, börðumst á öllum vígstöðvum þangað til yfir lauk og veitingaskatturinn var loks felldur niður árið 1954 að því er ég tel fyrst og fremst vegna baráttu okkar í S.V.G.

Þegar við höfum störf var skömmtun á flestum nauðsynjavörum til veitingareksturs og öll þjónusta háð verðlagsákvæðum. Á báðum þessum vígstöðvum urðum við að berjast, annars vegar fyrir því að fá eitthvað til að selja, hins vegar að fá að selja við hóflegu verði. Að því er hið síðara varðar er mér einna minnisstæðust heimsókn mín og nokkurra starfsbræðra minna til verðlagsstjóra. Sú ferð var farin í því skyni að fá verðbreytingar á jólakökusneidum. Ef ég man rétt var verðlagsstjóri búinn að verðleggja jólakökur á tvær krónur en við töldum sanngarnt að selja þær á 2 krónur og 25 aura. Af einhverjum ástæðum stóð bölvanlega í bæli verðlagsstjóra í þetta skipti. Eftir að ég, sem hafði orð fyrir okkur félögum, var búinn að lýsa því yfir að við teldum nauðsynlegt að fá þessa 25 aura til viðbótar fyrir hverja köku til þess að sannvirði gæti talist spurði verðlagsstjóri hvort ég væri kominn á hans fund til þess eins að brúka kjaft. Ég kvað það alls ekki hafa verið erindi mitt, heldur það að gera grein fyrir því að ef sneið af jólaköku er réttlátlega metin á tvær krónur þá verði einnig að ákvarða fyrirfram úr hvaða efnum á að baka hana og hve þung hún á að vera. Ég benti á þá augljósu staðreynt að það er unnt að baka ótal gerðir af kökum sem ekkert eiga sameiginlegt annað en það að allar má þær með réttu nefna jólakökur. Þegar hér var komið mínu uppbyggilega erindi um hinar aðskiljanlegu náttúrur jólakökunnar kvaðst verðlagsstjóri ekki kæra sig um að sitja lengur undir ósvífni minni og rak okkur alla á dyr.

Mér er þessi jólakaka e.t.v. minnisstæð vegna þess að sams konar rökum urðum við að beita um aðrar veitingar til þess að reyna að koma viti fyrir verðlagsyfirvöldin. Auðvitað er verðið eitt saman afar vafasamt til viðmiðunar um gæði eða magn þess sem framreitt er og náttúrulega fellur hér allt í eðlilega farvegi ef samkeppni er milli veitingamanna um það sem þeir hafa á boðstólum hverju sinni. En það kostaði okkur mikla baráttu að fá þessum

verðlagsákvæðum aflétt og áreiðanlega urðu allir fegnir þegar sigur var loks unninn.

Það er trúlega nokkuð fróðlegt fyrir þá sem aldrei hafa búið við skömmtnun að ég rifji eitthvað upp úr fundargerðum okkar er varðar skömmtnunina.

Árið 1947 er margsinnis rætt á fundum okkar um leiðir til rýmkunar á skömmtnun á kaffi og sykri. Þá höfum við sameiginlega fengið leyfi fyrir borðbúnaði og árið eftir erum við farnir að skipta á milli okkar bollapörum og rúsínunum. Þá er ákveðið að sækja um aukaskammt af sykri til sultugerðar. Árið 1949 veitir Ferðaskrifstofa ríkisins okkur lið með því að senda verðlagsyfyrildunum beiðni, sem rökstudd er með skírskotun til „þrifnaðaröryggis“, um að veitingamönnum verði leyft að flytja inn 20-25 þúsund metra af rúmfastaefni, 17-18 þúsund bollapör, 6 þúsund metra af borðdúkaefni, eldhúsáhöld fyrir 100 þúsund krónur, 100 salernisskálur og 100 handlaugar. Síðar þetta sama ár verjum við talsverðum tíma til að skipta okkar í milli leirvörum, sem fluttar voru inn fyrir milligöngu Jóhanns Ólafssonar og Co. Einnig fór tími í úthlutun á eplum sem okkur tókst að fá innflutt.

Ég vona að þetta gefi nokkra hugmynd um hve fjölbætt skömmtnunarmálin voru og hvers vegna okkur var nauðsynlegt að snúa bókum saman innan S.V.G. til þess að fá einhverju áorkað til úrbóta. Ef við víkjum til kaup- og kjarasamninga þá er þess fyrst að geta að þar var við þrjú stéttarfélag að eiga, framreiðslumenn, matreiðslumenn og hljóðfæraleikara.

Fyrsta verkfallið var háð vegna kaup- og kjaramála hljóðfæraleikara. Það var raunar áður en S.V.G. var stofnað, um það leyti sem lýðveldi var endurreist á Íslandi, í júnímánuði 1944. Þá átti að halda veislu mikla á Hótel Borg. Verkfall var hjá hljóðfæraleikurum. Þeir höfðu fyrir sitt leyti samþykkt að spila í veislunni en Jóhannes aftók með öllu að samþykkja það. Þessum illindum lauk með að ríkisstjórnin tók Hótel Borg leigunámi veisludaginn og losnaði Jóhannes þannig við að ganga að kröfum hljóðfæraleikaranna í það skiptið.

Í minni formannstíð urðu aldrei verkföll vegna kaup- og kjaradeilna við aðrar stéttir en hljóðfæraleikara. Það tókst ævinlega að semja við þjóna og kokka án þess að til verkfalla kæmi. Þegar ég varð formaður S.V.G. var greiðsla til þjóna 10% en hækkaði síðar upp í 15%. Auk þess varð þóknun til þeirra miklu hærri á

svonefndum „stórum dögum“ t.d. 17. júní og á gamlárskvöld.

Matsveinar voru alltaf örðugri viðsemjendur en þjónarnir. Ég gleymi aldrei góðu tilsvári sem ég fékk einu sinni frá þeim á samningafundi. Þá höfðu þeir að vanda gert svo miklar kröfur að ómögulegt var að verða við þeim. Í hléi, sem varð á samningafundi, fór ég út í Sjálfstæðishús og rakst þar á Bjarna Benediktsson sem var inni hjá formanni hússtjórnar, Jóhanni Hafstein. Í samtali okkar skýrði ég frá kröfugerð yfirmatsveina. Þá sagði Bjarni „Nú, þetta eru meiri laun en við höfum ráðherrarnir“. Eftir að ég kom aftur á samningafundinn sagði ég forsvarsmanni matsveinanna að einn af ráðherrunum hefði sagt mér að hann hefði lægri laun en þau sem matsveinar vildu nú fá. Því svaraði þessi heidursmaður þannig:

„Það er ekkert merkilegt. Það getur hvaða andskotans asni sem er orðið ráðherra en til þess að verða kokkur þarf þriggja ára nám og þar að auki þarf mikla þjálfun til þess að verða góður kokkur“.

Mér þótti svarið gott enda maðurinn skeleggur og greindur vel.

Upphaf inngöngu S.V.G. í Nordisk Hotel- og Restaurantforbund má rekja til Kaupmannahafnarferðar minnar á árinu 1946, nokkru áður en Sjálfstæðishúsið var opnað. Ég var þá með meðmælabréf frá Ólafi Thors til forstjóra d'Angleterre í Kaupmannahöfn.

Í samtali við þennan forstjóra fékk ég vitneskju um þessi norrænu samtök og var skýrt frá að Villads Olsen væri helsti forvígismaður þeirra. Ég fór svo til fundar við hann. Villads Olsen tók mér opnum örmum og sagðist hafa beðið þess lengi að Ísland kæmi inn sem fimmti norræni aðilinn. Raunar höfðu tveir íslenskir veitingamenn, Alfred Rosenberg á Hótel Íslandi og Jóhannes Jósefsson á Hótel Borg, verið meðlimir í samtökunum en aðrir ekki frá Íslandi.

S.V.G. gekk svo formlega í norrænu samtökin í desembermánuði 1947. Á því er enginn efi að samvinnan við Norðurlandabúana hefur orðið S.V.G. mjög farsæl. Ef eitthvað eitt ætti þar að nefna framar öðru þá ber þar hæst liðveislan sem S.V.G. fékk frá Villads Olsen í baráttu fyrir breytingunni á áfengislöggjöfni. Hann var þá formaður danska veitingamannasambandsins og mjög mikils metinn. Þegar Olsen kom hingað efndi S.V.G. til veislu og bauð þangað allmörgum

forráðamönnum ríkis og borgar til þess að hitta hann. Olsen sýndi þar fram á með sterkum rökum að fráleitt væri að reyna að halda uppi sómasamlegri veitingastarfsemi í landinu ef einungis eitt veitingahús hefði leyfi til þess að selja gestum áfengi. Hann kvað breytingu á áfengislöggjöfni eitt af grundvallarskilyrðum þess að við gætum gert okkur vonir um að fá hingað erlenda ferðamenn. Ég held að þessi samkoma hafi verið góður áfangi á leiðinni til þess að nefnd var skipuð til endurskoðunar á áfengislöggjöfni. Gústav A. Jónsson, þáverandi skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, var formaður nefndarinnar. Í henni var Brynleifur Tóbiásson fyrir hönd bindindismanna en Pétur Daníelsson frá S.V.G.

Mikill uppsteytur varð í sambandi við þessa lagasetningu. Það urðu mikil blaðaskrif, mótmæli og djöfulgangur. En með nýju lögunum skipti alveg sköpum um alla uppbyggingu veitingastarfseminnar í landinu. Eini ágalli laganna er bannið við veitingu sterkra drykkja á miðvikudögum. Það er ómögulegt að finna á því neina haldbæra skýringu þó að við vitum að tylliástæðan var sú að dátarnir á Keflavíkurflygvelli fengu bæjarleyfi á miðvikudögum. En vitanlega var þetta vitleysa tóm enda munu fæstir lengur vita hvers vegna þessi miðvikudagsdella var lögboðin.

Sú er venjan í Nordisk Hotel- og Restaurantforbund að árlegir fundir eru haldnir til skiptis á Norðurlöndunum og formaðursamtakanna erjafnansásemgegnir formennsku landssamtaka gístillandsins. Löng formennska mín í S.V.G. olli því að ég hef þrisvar gegnt formennsku í N.H.R., oftast en nokkur annar. Við gengum einnig síðar í International Hotel Association. Þar var Pétur Daníelsson lengst fulltrúi okkar.

Ég nefndi það víst áðan að við áttum í talsverðum erfiðleikum með að halda norrænu fundina hér heima vegna þess hve fjárvana við vorum. Auðvitað þótti sjálfsagt að gestir okkar byggju á hótelum og fengju þar sómasamlegar veitingar. Þar var vinur vor Jóhannes á Borg slæmur viðureignar. Hann var ófánlegur til að bjóða nokkurn afslátt frá fullu verði. Og reyndar voru þeir fleiri sem ekki reyndust sérlega örlátir. Eftir fyrsta fundinn sem haldinn var hér í júlímánuði 1950 vorum við orðnir stórskuldugir. Víxla ábyrgðumst við þrír, ég, Pétur Daníelsson og Ragnar Guðlaugsson. Léttasti baggin kom í

minn hlut þegar skuldaskil voru gerð og má því segja að þeir Pétur og Ragnar hafi aðallega staðið undir þunganum af fyrsta samnorræna fundinum hér í Reykjavík. Kostnað við utanferðir urðum við auðvitað að greiða úr eigin vasa. En með bættum fjárhag S.V.G. breyttist þetta vitanlega. En ég held að þrátt fyrir erfiðleikana fyrstu árin í norræna samstarfinu höfum við alltaf verið sannfærðir um að það hafi verið hyggilegt fyrir S.V.G. að ganga í N.H.R.

Eins og fram kom í fyrstu fundargerð S.V.G. hafa menntunarmál alltaf verið sambandinu hugleikin. Okkur var strax ljóst að það var ekki nægilegt að krefjast sérþekkingar með iðnnámi veitingaþjóna og matreiðslumanna. Takmarkið hlaut að verða skóli fyrir alla sem starfa á einn eða annan hátt að veitingastarfsemi.

Ég veit ekki betur en að Halldór Gröndal, sem var forstjóri á Nausti, sé fyrsti Íslendingurinn sem lýkur háskólaprófi í veitingarekstri. Síðar bættust allmargir í hóp þeirra sem hafa aflað sér háskólamenntunar erlendis í gisti- og veitingamálum. Auk þess eigum við nú allmargt fólk sem hefur aflað sér góðrar reynslu og þekkingar með störfum sínum heima og erlendis en þess vegna á stétt veitingamanna nú á að skipa mörgu vel menntuðu fólk.

Fyrsti vísirinn að sérskóla fyrir veitingareksturinn var Matsveina- og veitingaþjónaskóli Íslands. Ekki man ég nákvæmlega hvenær hann var stofnaður. Ég varð formaður fyrstu skólanefndarinnar. Fyrsti skólastjórinn, Tryggvi Þorfinnsson, einbeitti sér að matreiðslunni en yfirkennarinn, Sigurður Gröndal, þjálfaði framreiðslumennina. Báðir unnu þeir mikil og gagnmerk brautryðjendastörf. Nýjum kennslugreinum var smám saman bætt við og nýir kennarar ráðnir. Nemendur fengu, auk skyldunáms þjóna og matreiðslumanna, tilsögn í ýmsum greinum sem nauðsynlegt er að kunna skil á við almennan veitingarekstur. Síðar var skólinn nefndur Hótel- og veitingaþjónaskóli Íslands, fjárveitingar voru auknar til hans og þar með lagður grundvöllur að þeim skóla sem okkur er þörf á að fá til þess að geta veitt þá almennu menntun sem öllu starfsfólki gisti- og veitingahúsa er nauðsynlegt.

Veitingalög hafa lengi verið mjög ófullkomin hér á landi. Árið 1926 voru samþykkt lög um gistihúsa- og veitingarekstur. Það var mjög ófullnægjandi löggjöf. Þó voru þar ýmsar réttmætar kvaðir lagðar á veitingamenn t.d. skylt

að skrá gesti í löggilta gestabók. Eftir að S.V.G. kom til var farið að ræða um nýja veitingalöggjöf. S.V.G. vann mjög að nýjum og merkilegum lagabálki sem settur var og gildi frá 1. janúar 1964. Löggin eru í 7 köflum og í greinum þeirra er komið inn á öll svið gisti- og veitingastarfsemi. Með þessum lögum var svo samin ítarleg reglugerð sem við Þorvaldur Guðmundsson unnum að.

Rétt er þess að geta að fyrir atbeina S.V.G. var komið hér á veitinga- og gististaðaeftirliti ríkisins. Það var í tengslum við embætti landlæknis. Sérstakur maður, Eðvard Frederiksen, var ráðinn til að hafa eftirlit með veitinga- og gististöðum úti á landsbyggðinni en þetta sérstaka eftirlit féll niður þegar ný allherjar heilbrigðislöggjöf var sett. Ég tel að það hafi verið slæmt. Úr því þarf að bæta, annað hvort fyrir atbeina ríkisvaldsins eða S.V.G. Það er áreiðanlega mjög nauðsynlegt að halda uppi leiðbeiningastörfum og hafa eftirlit með veitingastöðum a.m.k. um mesta annatímann. Ég held að flest sem aflaga fer sé fremur af vanþekkingu en skorti á vilja til þess að leysa störfin vel af hendi. Þess vegna munu flestir fegnir því að fá holl ráð og leiðbeiningar frá kunnáttumönnum.

Það gæti orðið langur kafli ef rekja ætti nákvæmlega öll skipti S.V.G. við STEF. En til þess að gera langa sögu stutta er þess fyrst að minnast að þegar Jón Leifs stofnaði STEF fékk hann umboð fyrir alla aðila sem semja eða flytja tónlist. Samkvæmt höfundarlögum frá 1905 mátti ekki nota hugverk nema gegn leyfi og greiðslu til STEFS. En hér hafði það viðgengist frá upphafi að menn höfðu notað alla hljómlist án þess að greiða sérstaklega fyrir til höfunda eða eigenda flutningsréttar.

Við í S.V.G. vorum búnir að þvæla um þetta mál fram og aftur við Jón Leifs í langan tíma og neituðum alltaf greiðslum, enda háar upphæðir sem hann taldi sig geta innheimt hjá okkur vegna flutnings á tónlist. Hvorki gekk þetta né rak fyrr en STEF skrifaði mér bréf og stefnir mér fyrir að hafa notað í heimildarleysi hljómlist í síðdegiskaffitímanum í Sjálfstæðishúsinu, m.a. tónlist eftir Pál Ísólffson. Var þess krafist að ég greiddi vegna þessa stórar fjárfúlgur. Fékk STEF Pál til að stefna mér vegna þessa. Málalok urðu þau að ég var dæmdur til fjárbóta. Ef þær væru ekki skilvíslega greiddar var mér gert að fara í tugthús.

Þegar þessi málalok voru kunn, varð augljóst að við í S.V.G. áttum ekki

annars úrkosta en að setjast niður við samningaborð með Jóni Leifs og félögum hans. Þeim samningum lauk þannig að við S.V.G. menn urðum allvel ánægðir. Til þess lágu þau rök að með samningnum við STEF fengu allir félagsmenn í S.V.G. 40% afslátt frá fullum gjöldum. Hins vegar urðu þeir, sem ekki voru félagar í S.V.G., að greiða full gjöld. Afleiðing þessa varð sú að allir veitingamenn flyktust í S.V.G. til þess að njóta afsláttarins og varð þetta S.V.G. til mikillar eflingar.

Einn var þó í okkar hópi sem var staðráðinn í að láta STEF aldrei beygja sig. Það var Jóhannes á Borg. Hann kvaðst aldrei myndu greiða STEF eyri, hótadi að reka hljóðfæraleikara og fá tónlist frá hljómflytningatækjum. Upphófust þá mikil málaferli. Var Gunnar Þorsteinsson lögmaður Jóhannesar og varði hans mál af miklu harðfylgi. En svo vel var frá höfundarlögum gengið að engir lagakrókar voru nógu sterkir fyrir hatt Jóhannesar og neyddist hann þá til að feta hin þungu spor okkar og ganga til samninga við Jón Leifs. Þá gerðist hann einnig félagsmaður í S.V.G. Ekki vil ég segja að við höfum verið sérstaklega óhressir vegna þess. Okkur þótti alltaf illt að Jóhannes skyldi vera utan samtakanna. Og náttúrulega kom okkur hvort tveggja ljómandi vel, árgjöldin frá Hótel Borg og mjólkurpeningarnir. En það áttum við Jóni Leifs að þakka. Jóhannes hefði aldrei gengið í S.V.G. ef hann hefði ekki grætt á því.

Á starfsárum mínum í S.V.G. ræddum við félagar oft um hótélbyggingar og fylgdumst vel með því sem gerðist í byggingarmálum hótela.

Rétt er að festa það hér á blað að ég tel að það hafi verið að frumkvæði Sveins Björnssonar forseta að samvinnu var komið á milli ríkisstjórnar, Reykjavíkurborgar og Eimskipafélags Íslands um að reisa nýttiskulegt hótél hér í Reykjavík. Fenginn var hingað amerískur sérfræðingur í hótélarkitektúr, Kelly að nafni. Hann teiknaði mjög glæsilegt hótél sem átti að rísa við tjarnarendann þar sem Ísbjörninn var áður. En þetta lognaðist útaf. Teikningin er enn til og líkan er af hótelinu í samgönguráðuneytinu. Það merkilegasta við þessar ráðagerðir er það að 29. apríl 1946 voru gefin út lög nr. 36 um byggingu gistihúss í Reykjavík. Þessi lög eru enn í gildi. Samkvæmt þeim er ríkisstjórninni heimilað að verja úr ríkissjóði allt að 5 milljónum króna til hótélbyggingar í

Reykjavík. Er ríkisstjórninni heimilað að taka þetta fé að láni. Þá eru í lögnum ákvæði um það að ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1947 að taka eignarnámi lóð, hús eða önnur mannvirki eftir því sem hún telur þurfa vegna byggingarinnar, enda verði öll ríkisstjórnin og þeir aðilar, sem að byggingunni standa, samála um að eignarnámið fari fram.

Annars var ekki um þetta leyti auðvelt að reisa hér hótél. Skömmtun var á byggingarefni og allar framkvæmdir háðar samþykki fjárhagsráðs. Það þurfti mikla hörku til að brjótast gegnum alla haftamúrana. Hér minnst ég þess t.d. hve ördugt var að fá City Hótél viðurkennt. Það hafði upphaflega verið byggt sem íbúðarhús, en þó þannig að unnt var að breyta því í hótél. Tók langan tíma að fá samþykki stjórnvalda á breytingunni.

Það var ekki fyrr en bændasamtökin og Loftleiðir hófu hótélbyggingar að unnt var að segja að verulegur skriður hafi komið á byggingar gistihúsa hér í Reykjavík.

Skortur gistirýmis hér eftir styrjöldina síðari leiddi til þess að Pétur Daníelsson á Skjaldbreið tók að útvega gestum herbergi úti í bæ, og síðar hóf Ferðaskrifstofa ríkisins sams konar útvegum gistiherbergja á einkaheimilum. Einnig kom upp svonefnd Fyrirgreiðsluskrifstofa sem hafði milligöngu um útvegum herbergja. Hún starfaði í leyfisleysi og var því látin hætta. Nokkrar ýfingar urðu stundum með okkur í S.V.G. og forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins vegna leigu á herbergjum á einkaheimilum. Stefna okkar var sú að ekki ætti að koma til útvegunar leiguherbergja í heimahúsum nema um algera nauðvörn væri að ræða. Við töldum að nauðsynlegt væri að byggja hóflega mörg gistihús og stuðla að því að þau væru þéttsetin. Að einkaaðilar úti í bæ héldu uppi samkeppni við gistihús töldum við óæskilegt.

Nauðsynlegt er að minna hér á handbók S.V.G. sem kom út árið 1963. Það var Jóhann Ragnarsson lögfræðingur sem hafði allan veg og vanda af gerð handbókarinnar. Jóhann var þá í samvinnu við Jón Magnússon þáverandi framkvæmdastjóra S.V.G. Í bókinni var skrá yfir alla félagsmenn S.V.G. Þar var einnig að finna dagbók, almanak og útdrætti úr öllum þeim lögum er varða gisti- og veitingastarfsemi í landinu, upplýsingar um gildandi samninga o.fl. Þessi handbók varð mjög vinsæl meðal félagsmanna S.V.G. og hefur hún alloft verið endurútfarin með nauðsynlegum breytingum.

Ég sé það í fundargerðum okkar að mörg mál hafa verið rædd í S.V.G. sem ég hef ekki gert að umtalfsni. En ég held að ég hafi nú drepit á það sem ég tel að hafi borið hæst á þeim 16 árum sem ég gegndi starfi formanns Sambands veitinga- og gistihúsaiegenda.

Snemma vaknaði hjá mér löngun til að vinna að því að reist yrði þokkalegt gistihús í Reykjavík. Ég skrifaði í blöð um nauðsyn þess að reisa gistihús og ræddi málið við ýmsa. Mér tókst að tryggja mér fé a.m.k. til byggingarframkvæmda. Ég sótti um lóð. Hinn 13. ágúst 1952 samþykkti bæjarráð Reykjavíkur fyrir tilstuðlan þáverandi borgarstjóra, Gunnars Thoroddsen, að gefa mér kost á lóðunum nr. 5 og 7 við Garðastræti til byggingar gistihúss.

Ég hófst þegar handa um nauðsynlegan undirbúning, lét teikna gistihúsið og semja áætlanir um byggingakostnað. Á þessum tíma voru mjög ströng ákvæði um alla fjárfestingu. Í desembermánuði 1952 sótti ég um fjárfestingarleyfi fyrir byggingunni. Ég fékk synjun. Ég ítrekaði margsinnis umsókn mína en alltaf árangurslaust. Sífelldar synjanir drógu úr mér kjark og fé mitt eyddist til undirbúningsvinnu. Loforðið um lóðina við Garðastræti var afturkallað vegna skipulagsbreytinga.

Þegar takmarkanir fjárfestingarákvæða voru rýmkaðar sótti ég um byggingalóðir á ýmsum stöðum í bænum m.a. við Skúlagötu og á Skólavörðuholti. Ýmsar ábendingar um lóðir, sem ég gat ekki sætt mig við, fékk ég hjá borgaryfirvöldum. Þá gerðist það að ég fékk augastað á lausri lóð við Rauðarárstíg 18. Þar var þá bílastæði. Ég taldi staðinn ákjósanlegan. Í nágrenninu var umferðamiðstöð, banki, pósthús og fimm mínútna gangur út til aðalumerðaæðar borgarinnar. Enn sendi ég umsókn til borgarráðs og að þessu sinni bað ég um leyfi til að fá að reisa hótél mitt á lóðinni við Rauðarárstíginn. Vinur minn, Albert Guðmundsson, var þá kominn í borgarstjórn. Ég á það honum að þakka að leyfið var veitt. Ekki spáðu allir vel fyrir mér. Þegar leyfið var veitt sagði einn fundarmanna: „Þetta er allt í lagi. Látið hann Lúðvíg hafa leyfi til að reisa hótél á sjálfum Austurvelli. Hann getur hvorki byggt þar eða annars staðar.“

Enn hóf ég undirbúning. Ég fékk arkitektana Gunnar Hansson og Óla J. Ásmundsson til að teikna húsið. Ég lét erlenda sérfræðinga skoða teikningar og fara vandlega yfir allt innra skipulag. Þeir

töldu að öllu væri þar vel og skynsamlega komið fyrir. Rétt er þess að geta að frá því er Hótél Borg var reist er þessi bygging við Rauðarárstíginn önnur í röð þeirra sem upphaflega eru hannaðar frá grunni til þess að vera hótél hér í Reykjavík.

Ég seldi nú hús okkar hjóna og séreignir konu minnar. Svo hóf ég framkvæmdir í samvinnu við ágæta byggingameistara vorið 1970.

Ég hafði fengið loforð fyrir láni úr Ferðamálasjóði. Það fékk ég loks eftir mikla eftirgangsmuni með hjálp Ingólfs Jónssonar. Mér tókst að koma húsinu upp, setja gler í glugga og ganga frá því að öllu leyti fyrir innréttingu. En þá varð ég fjárvana. Ég var svikinn um lán sem ég hafði fastlega reiknað með að fá. Af þessum sökum var mér sá kostur einn nauðugur að selja húsið. Á byggingartímanum höfðu litlar breytingar orðið á verðlagi. Ég seldi eignina þess vegna árið 1972 fyrir næstum sama fé og ég hafði varið til þess að reisa hana.

Upp úr þessu hafði ég ekkert nema amstur og leiðindi. Ef ég hefði getað haldið eigninni nokkrum mánuðum lengur hefði hún hækkað í verði og þannig hefði ég fengið vinnu mína greidda. En um það var ekki að ræða. Neitun á láni olli því að mér var ekki mögulegt að fullgera hótelið. Ég varð að bjarga fjármunum mínum með því að selja.

Satt að segja sá ég ævinlega eftir að hafa ekki getað fullgert þetta hús, einkum vegna þess að það er nú öðruvísi innréttað en ég tel að átt hafi að vera og gert var ráð fyrir upphaflega.

Framsóknarflokkurinn keypti húsið af mér og er þar nú rekið hótél sem nefnt er Hekla.

Húsið er kjallari og þrjár hæðir, reist á 490 fermetra grunnfleti. Þar eru 54 tveggja manna herbergi auk íbúðar hótélstjóra. Í kjallara er stór samkomusalur og sauna, veitingabúð og bar á fyrstu hæð.

Ég harma það enn að mér tókst ekki að láta drauminn um eigið hótél rætast. En með framlagi mínu til byggingarinnar við Rauðarárstíg tel ég þó að ég hafi lagt nokkurt lið til þess að þoka gistihúsamálum höfuðborgarinnar í rétta átt. ✿